

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 21. mars 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi fyrir sorpurðun.

Fyrir fundinum lá bréf Umhverfisstofnunar dags. 3. mars 2005 þar sem greint er frá því að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við starfsleyfi til sorpurðunar Höfðahrepps þegar það lá frammi til kynningar. Umhverfisstofnun hafi því tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir Höfðahrepp til móttöku og urðunar á sorpi í landi Neðri Harrastaða. Starfsleyfið gildi til 1. júlí 2009.

Málið var til kynningar og voru ekki gerðar bókanir eða ályktanir vegna þess.

2. Byggðakvóti.

Jensína Lýðsdóttir og Birna Sveinsdóttir lýstu vanhæfi sínu til að fjalla um og afgreiða umsóknir um byggðakvóta þar sem umsækjendur séu venslaðir þeim.

Fyrir fundinum lá tillaga að úthlutun byggðakvóta. Í tillögunni er gert ráð fyrir að eftirtaldir hljóti úthlutun:

• Dagrún ST 12	31.333 kg.
• Ólafur Magnússon HU 54	81.333 kg.
• Hafgeir HU 21	6.333 kg.
• Garpur HU 17	6.333 kg.
• Gýmir HU 21	6.333 kg.
• Alda HU 12	6.333 kg.
Samtals	138.000 kg.

Auk fyrrgreindra sótti Auðbjörg SK 6 um byggðakvóta en það var mat hreppsnefndar að útgerð/skip uppfylltu ekki þau skilyrði sem samþykkt voru í reglum um úthlutun byggðakvóta í Höfðahreppi 2005.

Hreppsnefnd samþykkti fyrrgreinda tillögu og samþykkti jafnframt að fresta úthlutun til Ólafs Magnússonar HU 54, Hafgeirs HU 21 og Garps HU 17 þar til samningur um byggðakvóta 2004 hefur verið uppfylltur. Í bréfi til fyrrgreindra aðila sem sent var 9. mars sl. var þeim gefinn frestur til 15. apríl til að uppfylla þau skilyrði.

3. Bréf:

a) Byggðastofnunar, 8. mars 2005.

Í bréfinu er tilkynnt um að stofnunin hafi hafnað umsókn sveitarfélagsins um styrk.

Annars vegar var um að ræða umsókn vegna úttekta á stöðu byggðalagsins í atvinnulegu tilliti og hins vegar vegna stofnunar smáverkefnasjóðs.

Oddviti skýrði nánar höfnun Byggðastofnunar á forsendum tölvubréfs frá framkvæmdastjóra hennar.

b) Sambands ísl. sveitarf., 4. mars 2005.

Í bréfinu er kynnt ráðstefna um nýmæli í stjórnun sveitarfélaga sem haldin verður 1. apríl n.k. Bréfið var til kynningar.

c) Forstöðumanns Löngumýrar, 8. mars 2005.

Í bréfinu er kynnt hugmynd um hvíldardvöl fyrir krabbameinssjúklinga á Löngumýri í Skagafirði og leitað eftir stuðningi við sjúklinga sem nýta sér slíka dvöl. Hreppsnefnd samþykkti að styrkja verkefnið sem nemur vikudvöl eins sjúklings.

d) Menntamálaráðuneytisins, 8. mars 2005

Með bréfinu er boðað til málþings um fljótandi leik- og grunnskóla sem haldið verður 1. apríl n.k. Bréfið var til kynningar.

e) Skipulagsstofnunar, 11. mars 2005.

Í bréfinu er óskað álits sveitarstjórnar Höfðahrepps á því hvort sjóvörn meðfram Fjörubraut, sunnan Vallarbrautar skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjóra var falið að svara bréfinu og greina frá því áliti hreppsnefndar að ekki sé þörf á umhverfismati vegna þessarar framvæmdar.

4. Fundargerðir:

a) Ársfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 2. nóv. 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

b) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 17. nóv. 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

c) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 18. jan. 2005.
Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar SSNV, 18. janúar 2005.
Fundargerðin var til kynningar

e) Stjórnar SSNV, 2. febrúar 2005.
Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar SSNV, 21. febrúar 2005.
Fundargerðin var til kynningar.

g) Stjórnar SSNV, 14. mars 2005.
Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

a) Fyrir fundinum lá bréf frá Dóru Sveinbjörnsdóttur sem segir sig úr skólanefnd og leikskólanefnd vegna persónulegra ástæðna.
Samþykkt að kjósa Gíjju Óskarsdóttur í leikskólanefnd í stað Dóru og Erlu Hauksdóttur Jacobsen sem hennar varamann.
Samþykkt að kjósa Aðalheiði Árnadóttur sem aðalmann í skólanefnd í stað Dóru.

**Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir**

- b) Sveitarstjóri kynnti uppsetningu á tölvunámskeiði fyrir eldri borgara sem Dagný Úlfarsdóttir hefur tekið að sér að skipuleggja og stjórna. Hreppsnefnd samþykkti að kosta námskeiðið fyrir utan 1.000 kr. efnis- og skráningargjald.
- c) Jensína gerði grein fyrir heimsókn arkitekts að heilsugæslustöð sem á að rísa við Dvarlarheimilið Sæborg. Umræður urðu um fyrirhugaða byggingu.
- d) Oddviti sagði frá heimsókn fulltrúa Norðurláls í Skagafjörð og Austur Húnavatnssýslu þar sem m.a. Eyjar-eyjar svæðið var skoðað sem hugsanleg staðsetning fyrir álver.
- e) Rætt var um frumhönnun sundlaugar og var sveitarstjóra falið að koma á fundi með tæknimönnum fyrir miðjan apríl.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17³⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir